

## Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna

Lagt er til að frístundamiðstöðvarnar Ársel og Gufunesbær verði sameinaðar undir einni yfirstjórn. Eftir sameiningu verði í yfirstjórn einn framkvæmdastjóri ásamt fjármálastjóra, deildarstjóra barnastarfs og deildarstjóra unglingsstarfs. Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela sviðsstjóra að undirbúa og framkvæma breytinguna með þeim hætti að hún komi til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2022 og að frá þeim tíma verði ein yfirstjórn. Lagt er til að skóla- og frístundasvið feli skrifstofustjóra frístundamála á fagskrifstofu að stýra sameiningarferlinu. Náíð samráð verði haft við stjórnendur frístundamiðstöðvanna og aðra þá aðila er málið varðar.

### Greinargerð:

Á fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs þann 8. júní 2021 og í borgarráði þann 10. júní 2021 var samþykkt að verkefnið Betri borg fyrir börn yrði innleitt um alla Reykjavíkurborg. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Einnig að leggja áherslu á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Einnig var samþykkt að borginni yrði skipt í fjögur þjónustuverfi: Eitt í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, annað í Laugardal og Háaleiti, þriðja í Grafarvogi, Árbæ og Grafarholti og það fjórða í Breiðholti. Innleiðing verkefnisins Betri borg fyrir börn um alla Reykjavík mun hefjast um áramót 2021/2022. Við þessa breytingu á þjónustuverfum þarf að sameina rekstur frístundamiðstöðvanna Ársels og Gufunesbæjar undir eina stjórn.

Með vísan til þess er fram kemur í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. ágúst 2021, er faglegt starf þeirra frístundamiðstöðvanna afar gott og ríkir mikil ánægja hjá þjónustugegum og starfsfólki með starfið. Með sameiningu yfirstjórnar er ekkert sem bendir til að þjónustan verði lakari. Ef vel er að verki staðið getur faglegur ávinningur sameiningar orðið aukið flæði þekkingar, heildstæðari stefnumótun og þjónusta og aukið samstarf starfshópa sem vinna sambærileg störf. Frá 1. júní sl. hefur framkvæmdastjóri Gufunesbæjar stýrt rekstri beggja frístundamiðstöðvanna.

Hagræðing verður af sameiningu í launakostnaði vegna fækkunar um fjóra stjórnendur. Jafnframt má gera ráð fyrir að umrædd aðgerð auki samlegð í rekstri og þjónustu og því ljóst að breytingin leiðir til hagræðingar í rekstri frístundamiðstöðva um 61 milljón á ársgrundvelli en gert er ráð fyrir að hagræðingin verði nýtt í innleiðingu verkefnisins Betri borg fyrir börn.